Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 32


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Brjef. 16/10 '09

Bg. 19

Jeg hef afráðið að byggja hús á lóð minni nr 17 við Bræðraborgarstíg, og vil jeg leifa mjer að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd um útmælingu hið fyrsta.

Húsið á að vera úr steinsteypu og kemur til að standa á horninu við hinar fyrirhuguðu götur Öldugötu og Unnarstíg, og vil jeg einnig biðja hina heiðraðu byggingarnefnd um undanþágu frá því að sneiða af horninu með því að láta húsið standa 4 álnir fyrir innan húsalínuna

Í tilefni þessu bið jeg um svar hið fyrsta, þessu viðvíkjandi

Virðingarfyllst

Bræðraborgarstíg 11-10-1909

Jóhann S. Hjörleifsson

B. Rvk. 603/1909 Bg 19

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi ég mér virðingarfyllst að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur um að mæla mér út eða útvísa svo fljótt sem unt væri hússtæði á lóð minni við bæ minn no 32 við Bræðraborgarstíg sem eg hefi í hyggju að byggja að stærð 10 × 10 upp á eina hæð með þriggja álna risi þurklofti með inngangsskúr við austur-gafl 2 × 3½ al. Kjallari verður undir öllu húsinu 4 al. á hæð allt samkvæmt meðfylgjandi teikningu.

Reykjavík 14 oktober 1909

Virðingarfyllst

Þorleifur Þorleifsson

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk $\frac{601}{1909}$ B.g 19

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður beiði hjermeð hina háttvirtu byggingarnefnd að leyfa mjer að breyta kjallara í húsi mínu No. 10B við Lækjargötu í sölubúð og jafnframt að breyta syðsta glugga kjallarans í dyr.

Reykjavík 15. Okt. 1909

Virðingarfyllst

Sigurjón Sigurðsson

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur.

B Rok. 602/1909 B 7.9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð tilkinnist hinni
Heiðruðu Byggingarnefnd
að jeg hefi látið byggja salernisskúr
við kvennaskóla húsið við fríkirkju
veg, skúrinn er að stærð 7 x 1 3/4 al.
hæð 3 1/4 al. og vona jeg að ekkert
hafi verið því til fyrirstöðu
R.vík 7/10
Virðingarfyllst
Steingr. Guðm.son

Til

Byggingarnefndarinnar
B. Rvík. 604
1909 Dj. 19

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik 15. Oktober 1909.

Háttvirta Byggingarnefnd
Reykjavíkur

Eg mælist til að mjer verði veitt leyfi til að setja Salerni i Portið við Sölubúð mína i Austurstræti 17.

með sjerlegri virðing
Matthías Matthíasson.

Til Byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 605/1909 B. 11

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leifi mjer hjer með að biðja hina háttvirtu Byggingarnefnd um leifi til að slá upp bráðabirðar skýli á lóð minni. Stærðina hefi jeg hugsað mjer 4 x 6. Fái jeg leifið skuldbind jeg mig til að taka það niður ef mjer irði skipað það.

Framnesvegur 1

15/10 1909

Gunnlaugur Pjetursson

Til Byggingarnefndarinnar

í Reykjavík

Bx. 19 B. Rvk. 606/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

af fundargjörð byggingarnefndarinnar 16. okt.

Ár 1909, laugardaginn 16. okt., kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar svo fram, sem hjer segir:

1. Gunnlaugi Pjeturssyni, Framnesvegi 1, leyft að slá upp bráðabyrgðarskýli, 4°×6° að stærð, á lóð hans, með því skilyrði, að rifið verði skýlið tafarlaust, er krafist verður.
2. Helga Hanssyni leyft að flytja glugga af vesturhlið á suðurgafl á húsinu Ingólfsstr. 23 (Norðurberg).
3. Matthíasi Matthíassyni kaupm. leyft að gera salerni í portinu við sölubúð hans Austurstr. 14. Þó að eins eptir fyrirsögn byggingarfulltrúa.
4. Steingrími Guðmundssyni trjesm. leyft að gera salernaskúr við kvennaskólann nýja við Fríkirkjuveg. 7°×1¾ að stærð.-
5. Jóhanni Hjörleifssyni leyft að gera steinsteypuhús, 11°×12° + skúr 4¾°×3½° + forstofu 4¾°×3¼°; allt tvílopta, á lóð hans Bræðraborgarstíg 17, verður á horni Öldugötu og Unnarstígs, þó 4° inn frá húsalínum beggja gatna. Byggingarnefnd áskilur, að yfirborð útveggja að utan sje eins á báðum hæðum hússins, að minnsta kosti niður undir sólbekkjum glugga á neðri hæð hússins.
6. Sigurjóni Sigurðssyni trjesmið leyft að breyta kjallara húss hans Lækjarg. 10B í sölubúð og stytta glugga kjallarans í dyr, með því skilyrði að inngöngurnar verði lögleg.-
7. Þorleifi Þorleifssyni leyft að gera hús 10°×10°

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

einlofta með þurklofti, og skúr við austur-
gafl 2° x 3½, á lóð hans, Bræðraborgarstíg 32.

Fleiri mál ekki til meðferðar.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson og Knud Zimsen.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Sveinn Jónsson

Jón Jensson

Sig. Thoroddsen

Rögnvaldur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**HELGI HANNESSON**
**ÚRSMIÐUR**
REYKJAVÍK
ÍSLAND.

**BANKASTRÆTI 12.**
BOX B. 13
TELEFON 106

Skrifað 15 októb. 1909

Hjermeð leyfi jeg mjer að biðja hina heiðruðu bygginganefnd Reykjavíkur um leyfi til að flytja glugga í húsin No 23 við Ingólfsstræti (Norðurbæ) þannig að syðri gluggan á vesturhlið hússins, komi sunnaná stafninum á sama herbergi eins og meðlögð skissa sýnir

Virðingarfyllst
H Hannesson

Til bygginganemdar Reykjavíkur

B. nefnd. 607/1909 13/7. 19

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur